

Bæjarráð Vestmannaeyja
Bárustíg 15, 900 Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum 11. júní 2020

Málefni Safnahúss og Sagnheima, húsakost og framtíðarskipan.

Undirritaðir sem jafnframt eigum sæti í Bakvarðahópi Safnahúss og Sagnheima óskum hér með eftir að Bæjarráð Vestmannaeyja taki til sérstakrar umfjöllunar húsakost og framtíðarskipan þeirra safna sem heyra til Safnahúss Vm og Sagnheima.

Starfsemi safnanna hefur tekið miklum stakkaskiptum og umsvif þeirra aukist verulega. Fjölbreytni í menningar- og safnastarfi í Eyjum hefur víða vakið athygli enda hafa þau orðið mun sýnilegri á síðustu árum. Safnahúsið var að fullu tekið í notkun 1978 og er löngu orðið of þröngt. Söfnunum hefur borist fjöldi gjafa og gildir það jafnt um Bókasafn, Sagnheima, Skjalasafn, Listasafn og Ljósmyndasafn.

Þar ber að geta sérstaklega einstakrar bóka-gjafar Ágústar Einarssonar, prófessors, í febrúar 2017, fágætisbókasafn sem inniheldur bækur sumar algjöra dýrgripa sem hvergi er að finna utan Landsbókasafns Íslands. Gjöfin er til minningar um föður Ágústar, Einars Sigurðssonar (1906-1977) frá Heiði í Vestmannaeyjum, mikils athafnamanns og bókavinar. Einnig ber að nefna að undanfarin ár hefur boðið upp á fjölda viðburða, dagskráa, fyrirlestra og kynningar á menningararfi Vestmannaeyja í víðasta skilningi og er anddyrið, Einarstofa, sem er nýtt undir þá starfsemi oft ansi þétt setin.

Aukin starfsemi kallar á breytta nýtingu húsnæðis og stækkun og þar stöldrum við mest við mögulega stækkun anddyris Safnahúss til vesturs þar sem komið yrði fyrir nýjum sal sem nýttist öllum söfnunum. Á 50 ára afmæli kaupstaðaréttinda Vestmanneyjabæjar árið 1969 var samþykkt að ráðast í byggingu safnahúss, mikils þrekvirkis, og þar var gert ráð fyrir þessari stækkun. Á sama hátt var sérsöfnun Vm.bæjar ætlað ákveðið húsrými eftir endurbætur á Ráðhúsi Vm.bæjar við Stakkagerðistún í hátíðarsamþykkt í tilefni 100 ára afmælis Vestmannaeyjabæjar 14. febr. 2019.

Meginstarfsemi safnanna fer fram í Safnahúsinu, en auk þess Sagnheimar-byggðasafn geymslu á 2. hæð að Strandvegi 30 og fasta sýningu í anddyri Ægisgötu 2 og nú síðast sýningaraðstöðu á Heiðarvegi 12 (áður Náttúrugripa- og fiskasafni Vm.bæjar).

Með þessu bréfi leggjum við til að bæjarráð Vm. skipi sérstakan starfshóp um málefni safnanna í víðum skilningi, húsakost, nýtingu núverandi húsakosts og framtíðarsýn í rekstri og skipulagi safnanna. Verði ofangreint samþykkt leggjum við til að hópurinn skili áfangaskýrslu í sept. nk. og lokaskýrslu fyrir 15. október 2020. Með því móti verður mögulegt að hafa tillögur frá hópnum til umfjöllunar í bæjarráði áður en lokið verður við gerð fjárhagsáætlun 2021.


Arnar Sigurmundsson

Virðingarfyllst,


Stefán Ó. Jónasson


Kári Bjarnason


Hörður Baldvinsson